

Föstudaginn 7. desember 1951.

Nr. 38/1950. **Slysavarnafélag Íslands** (Magnús Thorlacius)
gegn

Daníel Þorsteinssyni & Co. h/f

(Gunnar Þorsteinsson).

Dómur og málsmeðferð ómerkt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði verði ómerkt og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að svo stöddu, að kröfu um ómerkingu verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu gerði stefndi kröfu í héraði á hendur áfrýjanda um greiðslu á eftirstöðvum kostnaðar af vinnu og efni við breytingu á björgunarskipinu Sæbjörgu. Málið var þingfest 30. sept. 1948, og lagði stefndi þá fram greinargerð um málið. Í þinghaldi 9. desember 1948 kom fram greinargerð af hálfu áfrýjanda. Krefst hann þar sýknu af kröfum stefnda m. a. af þeirri ástæðu, að verkið hafi verið dregið úr hófi fram vegna slælegra vinnubragða og að öðru leyti ekki leyst af hendi með viðhlítandi hætti. Í þinghaldi þessu var ákveðinn munnlegur flutningur málsins, en hvorki kvaddi héraðsdómari þá né síðar sérkunnáttumenn um skipasmíðar til að dæma málið með sér, eins og þó bar nauðsyn til, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Auk framangreindra greinargerða voru lagðar fram í málinu 4 skýrslur eða bréf frá stefnda og 3 skýrslur frá áfrýjanda. Skýrslur þessar eru að sumu leyti greinargerðir um málið, en að öðrum þræði hafa þær að geyma skriflegan málflutning, og brýtur framlagning þeirra í bág við ákvæði 105. gr., 106. gr. og 109. gr. laga nr. 85/1936. Hins vegar hafa aðiljar ekki komið fyrir dóm til að gefa skýrslur, sbr. 114. gr. og 115. gr. nefndra laga. Þá hefur mat dóm-

kvaddra manna á verki stefnda ekki verið látið fara fram fyrir en eftir uppsögu héraðsdóms.

Þar sem meðferð málsins hefur verið svo áfátt sem að fram-
an er lýst, verður að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð
frá 9. desember 1948 og vísa málinu heim í hérað til löglegr-
ar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá 9. des-
ember 1948 á að vera ómerk, og vísast málinu heim í
hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. nóv. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f. m., hefur Daniel Þorsteinsson f. h. Daniels Þorsteinssonar & Co. h.f. hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. sept. 1948, gegn þeim Guðbjarti Ólafssyni hafn-
sögumanni, Sigurjóni Á. Ólafssyni fyrrv. alþingismanni, Friðrik V. Ólafssyni skólastjóra, Árna Árnasyni kaupmanni, Guðrúnu Jónasson kaup-
konu, öllum til heimilis hér í bænum, Ólafi Þórðarsyni skipstjóra og Rann-
veigu Vigfúsdóttur húsfrú, til heimilis í Hafnarfirði, f. h. Slysavarnafélags
Íslands, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 33.772.31 með 6% ársvöxtum
frá 1. maí 1948 til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómars.
Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dóm-
ars.

Málsatvik eru þau, samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, að
í aprílmánuði 1945 kom til umræðu hjá stjórn stefnda að gera þyrfti
stórvægilegar breytingar á björgunarskipi félagsins, Sæbjörgu. Virðist
Þorsteini Danielssyni, en hann er í stjórn stefnanda, hafa verið falið að
gera lýsingu á breytingu þeirri, er gera þyrfti. Í maímánuði sama ár,
sendi Þorsteinn stefnda lýsingu þessa. Er þar áætlað, að kostnaður allur
við breytinguna, að fráskildu verði á aflvélum og kostnaður við niður-
setningu þeirra, myndi nema kr. 200.000.00. Aðiljar eru sammála um, að
áætlun þessi hafi verið mjög lausleg og ekki öruggt að byggja á henni.
Síðan virðist Þorsteini hafa verið falið að gera fullkomna teikningu af
breytingunni og semja verklýsingu. Í desembermánuði 1945 samdist síðan
svo með aðiljum, að stefnandi tæki að sér breytingar á skipinu. Ekkert
virðist hafa verið um það ákveðið, hve dýr breytingin ætti að vera né
hve langan tíma verkið ætti að taka. Ekki var gerður skriflegur samn-
ingur um verk þetta milli aðiljanna. Um miðjan febrúar 1946 var skipið
tekið í dráttarbraut hjá stefnanda, og virðist þá þegar hafa hafizt vinna

við skipið. Þann 12. apríl 1946 komu fyrirsvarsmenn aðilja saman á fund, og var þar rætt um verk þetta. Virðast þá teikningar af breytingum þeim, er gera skyldi á skipinu, hafa verið tilbúnar að mestu leyti. Þá var talið, að efni til verksins væri komið á staðinn. Fyrirsvarsmenn stefnanda virðast hafa verið inntir eftir, hvenær verkinu myndi verða lokið, en ekki gefið ákveðin svör um það, en þó sagt, að engar vonir stæðu til, að verkinu yrði lokið fyrr en um áramót. Stefnandi hélt síðan verkinu áfram, en brátt var yfir því kvartað af hendi stefnda, að verkið gengi seint. Fyrirsvarsmenn stefnanda báru við vinnuaflosskorti og buðu stefnda að taka við skipinu, eins og það þá var, en því var ekki sinnt. Þann 11. nóvember 1946 ritaði stefndi stefnanda bréf og óskaði eftir ákveðnum svörum um, hvenær verkinu myndi verða lokið. Bréfi þessu svaraði stefnandi skömmu síðar og kveðst þar álita, að skipið verði fullbúið til notkunar um 20. apríl 1947. Í bréfi þessu er tekið fram, að hér sé ekki um loforð eða skuldbindingu að ræða af hendi stefnanda, því ýmis atvik geti komið til, sem tafið geti verkið. Fullnaðarverklýsingu af breytingunni virðist ekki hafa verið lokið fyrr en 9. febrúar 1947, og er breyting sú, sem endanlega er ákveðið að gera á skipinu, allt önnur og meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Stefnandi hélt nú verkinu enn áfram, og auk þess lagði stefndi fram ýmsa fagvinnu, sem það greiddi sjálft. Þann 16. desember 1947 ritaði stefndi stefnanda bréf og kvartaði mjög yfir drætti þeim, sem á verkinu væri orðinn, og óskaði þess, að því yrði flýtt, svo sem unnt væri, svo að skipið gæti orðið tilbúið ekki síðar en 20. janúar 1948. Bréfi þessu virðist ekki hafa verið svarað. Stefnandi afhenti síðan skipið í marzmánuði 1948 og lauk vinnu við það 13. apríl s. á. Greiðslur til stefnanda fóru þannig fram, að þann 30. apríl 1946 greiddi stefndi allan kostnað, er þá var áfallinn. Eftir það voru greiddar upphæðir öðru hverju upp í kostnaðinn.

Stefnandi telur, að kostnaðurinn við það verk, er það hafi innt af hendi við breytingu skipsins, svo og verð efnis, sem það hafi lagt til, og dráttarbrautarleiga nemi alls kr. 602.195.28. Þar af hafi stefndi greitt kr. 568.422.97 og standi þannig eftir kr. 33.772.31, sem stefnda beri að greiða. Hefur stefnandi mótmælt því, að það beri nokkra ábyrgð á, hve verkið gekk seint. Þegar í upphafi hafi verið tekið fram, að stefnandi hefði ýmis verk með höndum, sem ganga yrðu fyrir, og hafi fyrirsvarsmenn stefnda ekkert haft við það að athuga. Þá hefur stefnandi bent á, að stefndi hafi haft fastan eftirlitsmann við verkið og auk þess hafi fyrirsvarsmenn þess oft litið persónulega eftir verkinu. Einnig er því haldið fram af stefnanda, að stefndi hafi aldrei fyrr en í máli þessu gert athugasemdir við fjárhæð reikningsins og m. a. hafi stefndi þann 6. marz 1948 greitt kr. 110.000.00 upp í skuldina, án þess að hreyfa nokkrum athugasemdum. Enn fremur hefur stefnandi bent á, að eftir að skipið var komið í vörzlur stefnda, hafi það fengið stefnanda til að láta vinna við skipið og nemi sá kostnaður kr. 24.389.58, en sú fjárhæð er innifalin í stefnukröfunni.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að reikningar stefnanda séu allt of háir. Hefur stefndi í því sambandi sérstaklega mótmælt skyldu sinni

til að greiða dráttarbrautarleigu fyrir þann tíma, sem skipið stóð á dráttarbraut stefnanda. Mótmæli sín að þessu leyti byggir stefndi öðrum þræði á því, að hér hafi verið um nýsmíði að ræða, og hafi stefnandi þá ekki heimild til að reikna sér dráttarbrautarleigu sérstaklega. Þá hefur stefndi talið, að það hafi verið sök stefnanda, að skipið stóð svo lengi á dráttarbrautinni, og komi því ekki til greina greiðsla fyrir það. Kveðst stefndi ætíð hafa mótmælt skyldu sinni til að greiða dráttarbrautarleigu.

Loks hefur stefndi talið, að það eigi skaðabótakröfu á hendur stefnanda, er nemi miklu hærri fjárhæð en stefnukröfunni. Í upphafi hafi verið gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við breytinguna á Sæbjörgu mundi nema kr. 200.000.00, auk verðs aflvéla og kostnaði af niðursetningu þeirra. Hins vegar hafi raunin orðið sú, að kostnaðurinn hafi orðið kr. 1.016.434.84. Verkinu hafði miðað svo seint áfram, að ekkert hóf sé á, þrátt fyrir eftirrekstur fyrirsvarsmanna stefnda og endurtekin loforð fyrirsvarsmanna stefnanda um, að verkinu skyldi hraðað og því lokið innan ákveðins tíma. Telur stefndi, að aldrei mundi hafa verið byrjað á breytingu þessari, ef ekki hefðu legið fyrir gyllandi kostnaðaráætlanir og loforð stefnanda. Stefnandi hafi hagað sér þannig við framkvæmd verksins, að það eigi sök á, hve dýrt verkið varð og hve mjög það dróst og sé bótaskýlt vegna þessa. Beint tjón sitt af því, hve verkið dróst, telur stefndi nema kr. 82.000.00 og auk þess mikið óbeint tjón. Hefur stefndi í þessu sambandi áskilið sér rétt til að höfða sérstakt mál til heimtu bóta úr hendi stefnanda vegna þessa framferðis þess og galla, er sé á verki því, sem stefnandi innti af hendi. Þá hefur stefndi mótmælt því að hafa greitt reikninga stefnanda án fyrirvara. Að því er síðustu greiðslurnar varðar, telur stefndi, að það hafi verið nauðbeygt til að inna hana af hendi, til þess að fá skipið afhent, en greiðsla hafi farið fram með fullum áskilnaði um endurgreiðslu og að geta komið fram skaðabótakröfum á hendur stefnanda.

Í málinu er fram komið, að stefnandi afhenti eftirlitsmanni stefnda alla reikninga yfir efni og vinnu, jafnóðum og verkinu miðaði áfram, og ekki verður séð, að stefndi hafi hreyft neinum athugasemdum gegn þeim, fyrr en eftir að verkinu var lokið. Þá er ósannað gegn mótmælum fyrirsvarsmanna stefnanda, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi gert neinn fyrirvara um endurgreiðslu, þegar greiðslur fóru fram. Að því er varðar dráttarbrautarleiguna, þá reiknar stefnandi sér kr. 40.00 í leigu fyrir dag hvern. Þegar virt er stærð skipsins og hliðsjón höfð af tilkynningu verðlagsstjóra nr. 9 frá 1943 um slippleigu og fleira, verður þessi leigufjárhæð ekki talin of há. Af gögnum málsins er ljóst, að hér var um að ræða breytingu og endurbyggingu skipsins en ekki nýsmíði. Leiðir þegar af því, að stefnandi á rétt á leigu fyrir dráttarbraut sína, enda greiddi stefndi þann 30. apríl 1946 án athugasemda allan þann kostnað, sem stefndi hafði þá haft af verkinu, þar á meðal dráttarbrautarleigu. Af því, sem fram er komið í málinu, er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að það eigi sök á, hve verk þetta tók langan tíma, og verður því að telja, að það eigi rétt á dráttarbrautarleigu fyrir allan þann tíma, sem skipið var á dráttarbraut þess. Með vísan til alls þessa þykir verða að leggja reikninga stefnanda

til grundvallar í máli þessu, og verður sýknukrafa stefnda ekki á þessu byggð.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnda, þá er að visu ljóst, að verk það, er hér um ræðir, hefur tekið óeðlilega langan tíma, en gegn mót-mælum stefnanda hefur stefndi ekki sannað, að ástæður þess séu atvik, er stefnandi ber ábyrgð á, eða því verði um kennt, enda ekki véfengd sú staðhæfing stefnanda, að hann hafi í upphafi tekið fram, að hann hefði með höndum nokkur verk, sem ganga yrðu fyrir. Með vísan til þessa og þar sem stefndi hefur ekki að öðru leyti fært sönnur á bótaskyldu stefnanda, verður sýknukrafa stefnda heldur ekki á þessu byggð.

Málalok verða því þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2500.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjartur Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Friðrik V. Ólafsson, Árni Árnason, Guðrún Jónasson, Ólafur Þórðarson og Rannveig Vigfúsdóttir f. h. Slysavarnafélags Íslands, greiði stefnanda, Daníel Þorsteinssyni f. h. Daníels Þorsteinssonar & Co. h/f, kr. 33.772.31 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1948 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. desember 1951.

Nr. 100/1950. **Finnur Árnason** (Magnús Thorlacius)

gegn

Hallfreði Guðmundssyni og gagnsök.

(Egill Sigurgeirsson).

Dómari átti að víkja sæti.

Dómur og málsmeðferð því ómerkt.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Báðir aðiljar krefjast ómerkingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hvor úr annars hendi fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.